

Reykjavík, 18. mars 2019

## Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis

### Efni: Umsögn stjórnar Hinsegin daga um frumvarp til breytinga á almennum hegningarlögum nr. 19/1940 (þrenging ákvæðis um hatursorðræðu) þingskjal 896, 543. mál.

Stjórn Hinsegin daga mótmælir harðlega frumvarpi til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, þar sem stefnt er að því að þrengja ákvæði um hatursorðræðu. Ekkert kallar á slíka þrengingu. Ríkisstjórnin lofaði í stjórnarsáttmála sínum að koma Íslandi í fremstu röð í málefnum hinsegin fólks, en þrenging lagaákvæðis um hatursorðræðu gengur þvert á þær fyrirætlanir.

Breyting þessi er lögð til af hálfu dómsmálaráðherra með því fororði að þannig sé tjáningarfrelsið aukið hér á landi. Af greinargerð frumvarpsins má ráða, að tilefni til breytinganna séu m.a. tveir dómur Hæstaréttar, þar sem menn voru dæmdir fyrir hatursorðræðu í garð Samtakanna '78, hagsmuna- og baráttusamtaka hinsegin fólks á Íslandi. Í umræddum hæstaréttardómum komu fram skýrar röksemdir dómstólsins um mörk tjáningarfrelsis annars vegar og rétt til friðhelgis einkalífs hins vegar. Í greinargerð með umræddu frumvarpi segir meðal annars um dóm Hæstaréttar frá 14. desember 2017 (415/2017):

*Í dóminum er vísað til þess að ákærða sé tryggt tjáningarfrelsi með 2. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar, en gagnstætt réttindum hans standi réttindi samkynhneigðra „til að njóta eins og aðrir friðhelgi einkalífs síns samkvæmt 1. mgr. 71. gr. stjórnarskrárinnar, svo og jafnræðis og mannréttinda á við aðra án tillits til kynhneigðrar þeirra, sbr. 65. gr. hennar“. Ákvæði 233. gr. a séu ekki aðeins nauðsynleg og samrýmanleg lýðræðishefðum heldur sé jafnframt gætt með þeim samræmis við löggjöf skyldra ríkja og farið að samþykktum alþjóðastofnana, sem Ísland eigi hlut að, um að stuðla beri að jöfnuði manna í þessu tilliti og veita að auki þeim jöfnuði refsivernd. Að þessu virtu gætu engin réttmæt efni staðið til að telja löggjafann hafa farið út fyrir mörk meðalhöfs með setningu 233. gr. a. Hæstiréttur mat síðan hvort það væri nauðsynlegt og samrýmanlegt lýðræðishefðum í skilningi 3. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar að takmarka í þessu tilviki tjáningarfrelsi ákærða með sakfellingu samkvæmt ákvæðinu. Vísaði Hæstiréttur meðal annars til þess að þótt ákærði hafi látið ummælin falla í viðamikilli almennri umræðu, þar sem orðræðan hefði ekki alltaf einkennst af yfirvegun eða hófsemd, hefðu orð hans verið komin langan veg frá upphaflegu tilefni umræðunnar og verið í senn alvarleg, gróflega meiðandi og fordómfull. Til slíkra tjáningarháttanna hefði honum verið alls óþarft að grípa í því skyni að koma skoðunum sínum á framfæri. Síðan segir í dóminum: „Á löggjafanum hvílir ekki aðeins sú skylda að haga lögum á þann hátt að tjáningarfrelsi sé ekki skert í ríkara mæli en svigrúm stendur til eftir kröfum 3. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar. Löggjafanum er einnig skylt að tryggja með lögum einkalífi manna friðhelgi, sbr. 1. mgr. 71. gr. hennar, og stuðla jafnframt*

***að vernd þeirra, sem hætt er við að sæti vegna aðstæðna sinna eða sérkenna útbreiddu aðkasti eða andúð, og gæta þar með allsherjarreglu. Þegar horft er til þessara hagsmuna, sem meðal annars 233. gr. a almennra hegningarlaga er sett til að vernda, verða þeir samkvæmt lýðræðishefðum og eftir heildstæðu mati á öllum atvikum málsins að veða þyngra en óheft frelsi ákærða til að tjá skoðanir sínar á þann hátt sem hann gerði. Er þá jafnframt tekið fullt tillit til þess að tjáningarfrelsi hans verði ekki skert í ríkara mæli en nauðsyn ber til svo að náð verði því lögmæta markmiði, sem 233. gr. a almennra hegningarlaga stefnir að, en reglur þess ákvæðis verða að teljast nauðsynlegar í skilningi 2. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar til að sporna við fordómum, andúð og fyrirlitningu í garð afmarkaðra þjóðfélagshópa, sem unnt væri að stuðla að með hatursorðræðu.*** [Leturbreyting bréfitara]

Með vísan í tilvitnaðan dóm Hæstaréttar er vandséð að frumvarpið sé fram komið til að skýra einhver álitafni, sem æðsti dómstóll landsins hefur ekki tekið á. Þvert á móti hefur rétturinn mótað ágætis fordæmi með túlkun sinni á nógildandi ákvæði.

Það skýtur skökku við að dómsmálaráðherra telji það auka tjáningarfrelsi á Íslandi að rýmka svigrúm til hatursorðræðu. Tjáningarfrelsi eru ekki settar neinar slíkar skorður hér á landi, að almenningur eigi í nokkrum vandræðum með að tjá skoðanir sínar. Mikilvægasta vörn tjáningarfrelsis felst í að almenningur geti óttalaust tjáð álit sitt á aðgerðum yfirvalda. Tjáningarfrelsið felst ekki í því að mega hindrunarlaust ráðast gegn jaðarsettum hópum. Slík „tjáning“ leiðir til þess að þeir jaðarhópar, í okkar tilviki hinsegin fólk á Íslandi, veigra sér við að taka þátt í umræðunni. Rýmri heimildir til hatursummæla rýra því að sama skapi tjáningarfrelsi hinsegin fólks.

Fyrirhugaðar breytingar á 233. grein almennra hegningarlaga miða að því að gera hatursorðræðu refsilausa nema sýnt sé fram á að hún sé „til þess fallin að hvetja til eða kynda undir hatri, ofbeldi eða mismunun.“ Þetta er undarleg samsuða, enda tómmt mál að tala um að „kynda undir“ hatri sem þegar hefur birst í ummælum. Það verður einnig að teljast í besta falli furðulegt að láta sem ofbeldi geti ekki falist í orðum einum og grunnhyggið að telja mismunun ekki þegar fram komna með hatursfullri orðræðu.

Skemmst er að minnast þess, fyrst enn finnast þeir sem ekki átta sig á að ofbeldi getur falist í orðum einum, að fréttavefurinn Vísir lokaði ummælakerfi sínu eftir hryðjuverkin í Christchurch á Nýja-Sjálandi, vegna skrifa frá þeim sem fögnuðu dauða saklauss fólks. Hvers vegna ætli það hafi talist nauðsynlegt? Ætli það hafi ekki verið vegna þess að ummælin sjálf voru meiðandi? Vegna þess að þau töldust ofbeldi, sem ekki var líðandi? Er tilgangur breytinga á almennum hegningarlögum sá, að tryggja að slík ummæli verði líðin, í nafni tjáningarfrelsis? Skiptir þar nokkru máli hvort þau beindust að múslimum? Hefðu þau ekki verið jafn forkastanleg ef þau hefðu beinst að hinsegin fólki, fötluðum, útlendingum eða hverjum þeim jaðarhópum samfélagsins, sem eiga undir högg að sækja í almennri umræðu? Er einhver raunhæf ástæða til að „auka tjáningarfrelsi“ meirihlutans á kostnað jaðarhópa?

Stjórn Hinsegin daga hvetur allsherjar- og menntamálanefnd til að hafna framkomnu frumvarpi til laga um breytingu á almennum hegningarlögum. Það væru kaldar kveðjur á 20 ára afmæli Hinsegin daga í Reykjavík að veikja réttarvernd hinsegin fólks með samþykki breytinganna.

Virðingarfyllst,  
Stjórn Hinsegin daga

*Gunnlaugur Bragi Björnsson, formaður*  
*Karen Ósk Magnúsdóttir, gjaldkeri*  
*Ragnar Veigar Guðmundsson, ritari*  
*Ásgeir Helgi Magnússon, meðstjórnandi*  
*Helga Haraldsdóttir, meðstjórnandi*  
*Lilja Ósk Magnúsdóttir, meðstjórnandi*  
*Ragnhildur Sverrisdóttir, meðstjórnandi*